

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 16. janúar 2006, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Ólafur Elísson, Gylfi Sigurðsson, Bertha Johansen og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið og annarbyrjun:

Skólameistari dreifði blaði með ýmsum tölulegum upplýsingum varðandi vorönn 2006. Þar kom fram að 218 nemendur eru skráðir og reiknast þeir vera 191 ársnemi. Sjö nemendur eiga lögheimili utan Eyja. Félagsfræðibraut er fjölmennust, en athygli var vakin á því að nú stunda 22 nemendur nám á vélstjórnarbraut. Á önninni er verið að kenna 82 hópum með 16 nemendur að meðaltali. 52% nemenda eru piltar. Vorönnin hófst 4. janúar og áætlað er að kennslu ljúki 4. maí og útskrifað verði laugardaginn 20. maí.

Magnús Kristinsson og Lóa Skarphéðinsdóttir færðu skólanum 500 þúsund krónur, sem ætlað er að verði nýttar til að efla forvarnarstarf í skólanum. Voru þeim færðar bestu þakkir af hálfu skólans og skólanefndar.

2. Rekstraráætlun 2006.

Skólameistari lagði fram helstu tölur úr rekstraráætlun fyrir árið 2006. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 151,6 milljónir, sértekjur 5,1 milljón. Á fjárlögum eru skólanum ætlaðar 148,8 milljónir og frá fyrra ári koma 12,9 milljónir. Launakostnaður er 80 % af rekstrarkostnaði. Nokkur umræða var um áætlunina og um það fjármagn (12 -13 millj.) sem safnast hefur fyrir sem einskona varasjóður á síðustu árum. Skólanefndin samþykkti að sett yrði fé, td upb 1 milljón, í sérstakt kynningaáttak á skólanum, með það að markmiði að fjölga nemendum. Fól nefndin skólameistara að leggja fram hugmyndir að slíku átaki á næsta fundi.

3. Skólasamningur.

Nýr skólasamningur fyrir árin 2006 til 2008 var lagður fram og fóru nefndarmenn yfir hann. Nokkur umræða skapaðist um það að fyrir skólann er nú skilgreint ákveðið þjónustusvæði, sem er Vestmannaeyjar. Höfðu menn áhyggjur af því að þetta gæti skert vaxtarmöguleika skólans. Skólameistari kvaðst hafa rætt þetta atriði við fulltrúa menntamálaráðuneytisins og þeir hefðu fullvissað sig um að svo væri ekki

4. Önnur mál.

Næsti fundur verður þann 6 febrúar.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:55
Ólafur H. Sigurjónsson.